

1107. stjórnarfundur VR**Haldinn miðvikudaginn 29. janúar 2014 í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30**

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritar fundargerð. Á fundinn mættu lögmennirnir Guðmundur B. Ólafsson og Björn L. Bergsson.

Dagskrá:

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá bauð Ólafía Björk fundarmenn velkomna á fundinn. Hún fór yfir dagskrá fundarins og skýrði frá því að tveir gestir myndu mæta á hann, lögmennirnir Guðmundur B. Ólafsson og Björn L. Bergsson. Að því búnu afhenti hún varaformanni stjórnar, Bjarna Þór Sigurðssyni, fundarstjórn og yfirgaf fundinn að loknum mat kl. 17:47.

1. **Fundargerð 1106. fundar lögð fram til samþykktar..**
Samþykkt og undirrituð.
2. **Uppsagnar og eineltismál Söru Lindar Guðbergisdóttur**
Guðmundur B. Ólafsson og Björn L. Bergsson mættu á fundinn kl. 17:55. Stefán fór yfir fyrirspurnir sem tveir stjórnarmenn, Ólafía Ása og Fríður Birna, lögðu fram á 1105 fundi stjórnar þann 11. desember 2013 um uppsagnar- og eineltismál á skrifstofu VR Stefán las upp skrifleg svör við fyrirspurnunum en þau eru birt á stjórnarvef félagsins.

Ingibjörg Ósk mætti á fundinn kl. 18:10.

Lögmennirnir Guðmundur B. og Björn L. fóru yfir aðkomu sína að málinu og fór Björn yfir helstu atriði álitserðar sinnar.

Umræður.

Fimmtán mínútna hlé gert á fundi kl. 19:45. Fríður Birna yfirgaf fundinn kl. 19:45. Ólafía Björk kom aftur á fundinn kl. 19:50.

Ólafía Björk minnti á næsta fund þann 12. febrúar kl. 17:30. Myndataka í upphafi þess fundar.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 21:45
Steinunn Böðvarsdóttir, fundarritari